

Ed.

344. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 81, frá 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

Við 3. gr. tölulið 2., c-lið:

Á eftir orðunum »er fari fram úr kr. 3000,00« komi: auk dýrtíðarupp-
bótar, sem á hverjum tíma gildir samkvæmt landslögum.

Og í sömu málsgrein komi í stað talnanna »kr. 100,00« og »10 ára«
tölurnar: kr. 500,00 og 15 ára.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt fyrir áhugasama menn í »Sjúkrasamlagi Reykjavíkur«.
Breytingarnar eru óhjákvæmilegar vegna verðfalls peninga.

Nánar í framsögu.